



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Sveitarfélagið Álftanes
Gunnar Valur Gíslason
Bjarnastaðir
225 Bessastaðahreppur

Reykjavík, 30. maí 2005

Tilvisun: UST20040700090/6aj

Endurskoðun aðalskipulags Álftaness

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Álftanes dagsett 20. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að aðalskipulagi Álftaness 2005-2025, sem er endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins 1993-2013.

Umhverfisstofnun telur skipulagstillöguna vel unna í heild sinni. Greinilegt er að tekið er tillit til umhverfisins sem og íbúa svæðisins. Göngustígakerfi er gott og er með því skapað gott aðgengi að helstu náttúruperlum svæðisins. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Íbúðabyggð

Í forsendum fyrir aðalskipulagi kemur fram að gengið verði út frá því að ný íbúðarbyggð verði hvergi byggð niður að sjó og hús ekki heimiluð nær fjörukambi en 30-50 metra.

Þegar strendur eru settar á náttúruinjasrá er almennt miðað við að vernda beri fjöruborð og bakka ásamt 100 metra breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka. Umhverfisstofnun telur að þar sem gert er ráð fyrir nýjum svæðum til íbúðabyggðar eigi ekki eigi að fara með byggingarreiti nær ströndinni en sem nemur 100 metrum. Þar sem fyrir er íbúðabyggð ætti að mati Umhverfisstofnunar að gera ráð fyrir a.m.k. 50 metra byggingarfríu svæði, sbr. einnig athugasemdir í bréfi Umhverfisstofnunar dags. 29. september 2004. Með því er stuðlað að vernd svæðanna og tryggt nægjanlegt rými fyrir útivist meðfram ströndinni. Sérstaklega er mikilvægt að ekki sé byggt nærri friðlýstum svæðum sem og svæðum sem eru mikilvæg varplönd og búsvæði fugla.

Reiðstígar

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt tillögu að landnotkunaruppdrætti aðalskipulags er ekki gert ráð fyrir neinum reiðstígum inn á Breiðabólstaðaeyri þar sem fyrirhuguð er hesthúsabyggð. Umhverfisstofnun bendir einnig á að meginreiðleiðir liggja um og kringum þéttbýlasta hluta Álftaness. Gæti skapast nokkur hættu fyrir vegfarendur og hestamenn, þar sem hestar geta fælst vegna hávaða eða snöggrar hreyfingar. Umhverfisstofnun telur eðlilegra að færa umferð hesta fjærri stígum og vegum þar sem umferð er mikil.

Fráveita


Í forsendum fyrir aðalskipulagið kemur fram að samkvæmt heildaráætlun fyrir fráveitur sveitarfélagsins sé gert ráð fyrir að allar útrásir og annað afrennsli fráveitunnar verði smám saman lagt af og allt fráveituvatn verði leitt að einni meginútrás norðan Hrakhólma og þaðan út í sjó.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun hvetur til þess að sveitarfélagið setji sér *tímasett* markmið hvað varðar mat á viðtaka fráveitu.

Umhverfisstofnun bendir á að gæta skal að fráveituvatn verði leitt nægilega langt út á sjó til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun strandar. Á það sérstaklega við ströndina við Kasthúsatjörn sem er friðlýst.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun